

Lagt fyrir fund velferðarráðs 14. september 2022

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að nú þegar flytjist aðsetur skólasálfræðinga út í skóla sem geta tekið við þeim, sem hafa rými, borð og stól handa þeim. Flestir skólar hafa kallað eftir þessu lengi. Flokkur fólksins hefur barist fyrir því allt kjörtímabilið að sálfræðingum verði fjölgað og að sálfræðingar hafi aðsetur út í skólum en ekki á þjónustumiðstöðvum. Að sálfræðingar hafi aðsetur á þjónustumiðstöðvum frekar en úti í skólum er bæði óhagkvæmt og hvorki í þágu barnanna né kennara. Kostnaður vegna ferða sálfræðinga er um 3 milljónir á ári.

Skólasálfræðingar eiga að starfa þar sem viðfang og verkefni þeirra eru, þar sem þeir geta verið til taks og sinnt ráðgjöf samhliða viðtölum og greiningum. Því er ekkert að vanbúnaði að taka strax þá ákvörðun að sálfræðingar flytji aðstöðu sína út í þá skóla sem hafa rými, borð og stól fyrir skólasálfræðinginn. Enginn kostnaður hlýst þar af og gæti flutningurinn átt sér stað nú þegar. Ef horft er á þetta raunsætt vekur það kannski ekki svo mikla furðu hvað illa gengur að vinna niður biðlista barna til sálfræðinga. Nú bíða um 2011 börn eftir þjónustu. Biðlistinn var um 400 börn 2018. Hér er um brýnt forgangsmál að ræða.

Greinargerð

Víða hefur verið kallað eftir því að sálfræðiþjónusta færist nær börnum og ungmennum. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðiþjónustu í grunnskólum Reykjavíkur, frá því í febrúar á þessu ári, kallaði eftir betra aðgengi að sálfræðiþjónustu í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Þar kom fram að andleg líðan unglunga fari versnandi á milli ára og að aðgengi að sálfræðiþjónustu væri ekki nægilega gott. Erfitt geti verið að leita sér aðstoðar og langur biðlisti væri eftir þjónustu skólasálfræðinga borgarinnar. Fyrir hönd unglunga í Reykjavík var óskað eftir því að sálfræðingar yrðu með aðsetur í öllum grunnskólum borgarinnar til að auðvelda aðgengi að þeim.